

FBM FRÉTTABRÉF

NÝJUSTU FRÉTTIR FRÁ FÉLAGI BÓKAGERÐARMANNA

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 2. tölublað desember 2008. Ábyrgðarmaður: Georg Páll Skúlason

Samdráttur í prentiðnaði

Á liðnum mánuðum hefur uppsögnum í prent- og auglýsingaiðnaði fjölgað mikið. Uppsagnir frá 1. mars á þessu ári eru um 80 talsins og einnig hafa fyrirtæki gripið til þess ráðs að minnka starfshlutfall hjá starfsmönnum til að forðast uppsagnir. Því eru margir félagsmenn enn á uppsagnarfresti og má búast við að minnkað starfshlutfall og fækkun starfsmanna komi til þegar nær dregur áramótum. Ef ekki rætist úr á allra næstu vikum má búast við að mikið atvinnuleysi verði í greininni eftir áramót.

Mjög mikilvægt er að félagsmenn leiti til félagsins ef til uppsagna kemur til að fá upplýsingar um hvernig staðið verði vörð um réttindi félagsmanna við aðstæður sem þessar.

Hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem sagt er upp vinnu

- Vinnumálastofnun sér um afgreiðslu atvinnuleysisbóta.
- Mikilvægt er að skrá sig áður en uppsagnafrestur rennur út eða strax á fyrsta virka degi í atvinnuleysi.
- Sækja um atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun. Á höfuðborgarsvæðinu er skrifstofan að Engjateigi 11.
- Hægt að sækja um á netinu – www.vnmst.is
- Þjónustufulltrúar leiðbeina og taka við umsókn.
- Dagpeningar (kr. 6.277 á dag) eru greiddir fyrir fyrstu 10 virku dagana og síðan eru atvinnuleysisbætur 70% af launum – þó aldrei hærra en 220.729 krónur á mánuði í 3 mánuði.

Þeir sem fá atvinnuleysisbætur þurfa að gæta þess að greiða áfram til stéttarféлага til að halda réttindum sínum – Vinnumálastofnun sér um greiðslu félagsgjalda til **FBM** sé þess óskað á umsókn.

Réttindi féлага í FBM sem hafa fengið uppsögn:

- Fræðslusjóður Félags bókagerðarmanna veitir 75% styrki til náms.
- Námskeið hjá Prenttækisviði ÍDUNNAR eru ókeypis.
- Prenttækisviði Íðunnar veitir félögum starfs- og námsráðgjöf þeim að kostnaðarlausu.

DESEMBERUPPBÓT

Skv. kjarasamningi FBM og SA skal upphæðin vera 44.100 til þeirra sem hafa unnið fullt starf 1.12.2007 til 30.11.2008.



Vel sóttur fundur um stöðu Sameinaða lífeyrissjóðsins

Fjöldmenni var á kynningarfundum sem stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins efndi til fyrir sjóðfélaga á Grand Hótel 20. nóvember s.l. en þar var farið yfir rekstur og afkomu sjóðsins það sem af er árinu. Þorbjörn Guðmundsson formaður stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins og Kristján Örn Sigurðsson framkvæmdastjóri sjóðsins fóru yfir stöðu og rekstur sjóðsins en Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða fjallaði um áhrif fjármálakreppunnar á rekstur lífeyrissjóðanna í landinu.

Undanfarið hefur verið unnið að því, í samstarfi við löggilta endurskoðendur, að meta þau áhrif sem yfirstandandi fjármálakreppa hefur haft á eignir sjóðsins og voru niðurstöður þeirrar úttektar kynntar á fundinum. Samkvæmt þeim var nafnávöxtun tryggingadeildar sjóðsins neikvæð um 12,9% fyrstu 10 mánuði ársins 2008 og áætlað er að skuldbindingar umfram eignir sjóðsins hafi verið 11,3% í lok október síðast liðinn. Á fundinum kom fram að of snemmt er að kveða upp úr um hvort grípa þurfi til lækkunar lífeyris og réttinda um næstu áramót en lögum samkvæmt ber lífeyrissjóðum að grípa til ráðstafana ef munur á eignum og skuldbindingum er meiri en 10%.

Á fundinum kom fram að til að mæta áætluðu tapi á skuldabréfaeign séreignardeildar sjóðsins var gerð 16,8% varúðarniðurfærsla á skuldabréfaeigninni. Ekki er um endanlega afskrift á þessum eignum að ræða heldur verða þær endurmetnar þegar fyrir liggur að hvaða marki skuldabréf í bönkum og tengdum félögum endurheimtast. Að teknu tilliti til varúðarfærslunnar er um neikvæða nafnávöxtun að ræða hjá fimm algengustu ávöxtunarleiðum í séreignarsparnaði sjóðsins og er ávöxtun í þeim á bilinu -1,5% til -4% frá upphafi árs 2008 til 17. nóvember síðast liðinn.

Á fundinum kom fram að þar til aðstæður á fjármála-

mörkuðum skýrast verður haldið áfram að ráðstafa öllum nýjum iðgjöldum séreignardeildar á innlánsreikninga sem njóta ríkisábyrgðar.

Úrræði vegna greiðsluvanda

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins hefur samþykkt að taka upp leiðbeinandi vinnureglur sem samdar voru af vinnuhópi á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða vegna þeirra sjóðfélaga sem lenda í greiðsluvanda vegna efnahagsástandsins og eru með sjóðfélagalán hjá sjóðnum. Unnið er að nánari útfærslu reglnanna hjá sjóðnum sem kynntar verða á vef lífeyrissjóðsins þegar þær liggja fyrir. Í þessu samhengi er einnig rétt að minna á að samþykkt hafa verið ný lög á Alþingi um greiðsluöfnun fasteignaveðlána, en þau lög ná m.a. til lífeyrissjóða. Þeir sjóðfélagar sem sjá að í óefni stefni í þessum efnunum er hvattir til að hafa samband við sjóðinn.

Nánari upplýsingar má finna á vef Sameinaða lífeyris-sjóðsins www.lifeyrir.is

Prentun íslenskra bóka eykst innanlands

Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka sem birtust í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2008.


Heildarfjöldi bókatitla er 710 í bókatiðindunum í ár en var 780 árið 2007.

Skóðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Eftirfarandi niðurstöður eru úr þeim samanburði:

- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 219; 76 (34,7%) prentaðar á Íslandi og 143 (65,3%) prentaðar erlendis. Hátt hlutfall prentunar erlendis skýrist að hluta til vegna samprentunar sem er algeng í flokki barnabóka.
- Skáldverk, íslensk og þýdd og ljóð, eru 198; 108 (54,6%) prentaðar á Íslandi og 90 (45,4%) prentaðar erlendis.
- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 184; 134 (72,8%) eru prentaðar á Íslandi og 50 (27,2%) prentaðar erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 109; 59 (54,1%) prentaðar á Íslandi og 50 (45,9%) prentaðar erlendis

Könnunin sýnir að hlutfall prentunar innanlands eykst frá fyrra ári. En 53,1% titla eru prentuð á Íslandi en það hlutfall var 42,8% í fyrra.

Hlutfall prentunar íslenskra bóka
skv. Bókatiðindum 2008



Hlutabætur og hlutastörf

Skv. nýjum lögum sem samþykkt voru á Alþingi 13. nóvember um atvinnuleysistryggingar er möguleiki á að sækja um bætur hjá atvinnuleysistryggingasjóði á móti því starfshlutfalli sem viðkomandi missir. Um er að ræða bráðabirgðarákvæði til að bregðast við sérstökum aðstæðum á vinnumarkaði. Þannig er hægt að sækja um bætur á móti því tekjutapi sem viðkomandi verður fyrir og er það bætt allt að 70%. Nánari upplýsingar um lögin eru á vef fbm.is

Kjarasamningur FBM/FGT og Samtaka íslenskra auglýsingastofa

Kjarasamningi FBM/FGT deildar við SÍA hefur verið vísað til Ríkissáttasemjara. Samningarnir voru lausir 1. janúar s.l. Illa hefur gengið að fá fulltrúa SÍA að samningaborðinu.

Úr kjarasamningi FBM og SA um sumar- og vetrarorlof:

Sumarleyfi

Starfsfólk skal fá 25 virka daga í sumarleyfi með fullu kaupi, enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfleytt.

Eftir 5 ár samfellt í sama fyrirtæki 28 dagar

Eftir 10 ár í iðninni 29 dagar

Frá 1. maí 2009 breytist orlofsinnvinnsla sem hér segir:

Eftir 10 ár í iðninni 30 dagar

Starfsfólk, sem unnið hefur skemur en eitt ár í sama fyrirtæki, skal fá sumarleyfi með fullu kaupi að tiltölu við þann tíma, sem það hefur unnið.

Vetrarorlof

Óski starfsmaður með 9 eða 10 ára starfsreynslu eða meira að taka vetrarorlof, þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verður þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Vetrarorlof skal veitt á tímabilinu 1. október til 1. maí.

Ósk um töku vetrarorlofs þarf að koma fram fyrir 1. maí ár hvert.

Kosning trúnaðarmanna

Lokið er kosningu trúnaðarmanna á vinnustöðum og hefur FBM skipað trúnaðarmenn á mörgum vinnustöðum sem falla undir kjarasamning félagsins.

Orlofsibúð í Reykjavík

FBM hefur keypt orlofsibúð í Ljósheimum 10 í Reykjavík ásamt Félagi málmíðnaðarmanna á Akureyri. Eignarhluti hvors félags er 50% og munu félögin standa sameiginlega að rekstri orlofsibúðarinnar.

Útleiga hefst fljótlega og verður auglýst sérstaklega.